

Ár 2014, fimmtudaginn 16. janúar kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mætt voru: Unnur Þormóðsdóttir, Eyþór H. Ólafsson og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir.

Ennfremur sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Unnur Þormóðsdóttir formaður setti fund og stjórnaði. Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

### **1. Bréf sem borist hafa frá:**

#### **1.1. ASÍ frá 13. janúar 2014.**

Í bréfinu er kynnt áskorun ASÍ vegna aðgerða um stöðugleika og minni verðbólgu.

Lagt fram til kynningar.

#### **1.2. SASS ódagssett.**

Í bréfinu er kynntur „Hinn árlegi Suðurlandsskjálfti“ en það er hátíð sem haldin verður á Suðurlandi í mars/apríl með inntakið „Matur-saga- menning“.

Bæjarráð setur fyrirvara við nafnið á viðburðinum sem virkar mjög neikvætt þar sem það vísar til erfiðrar upplifunar íbúa á svæðinu. Óeðlilegt er að tengja slíkan atburð við skemmtun.

Erindinu vísað til menningar, íþróttar og frístundanevndar til nánari umfjöllunar.

### **2. Tæknileg málefni:**

#### **2.1. Minnisblað bæjarstjóra frá 14. janúar 2014 - Útboð á gatnagerð.**

Í minnisblaðinu er rætt um lagningu bundins slitlags í Bröttuhlíð og Þverhlíð. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2014 er gert ráð fyrir að Brattahlíð, vesturhluti, og Þverhlíð verði lagðar bundnu slitlagi.

Bæjarráð samþykkir að skipulags- og byggingafulltrúa verði falið að hefja nú þegar undirbúning að útboði umræddra framkvæmda með það að markmiði að þær geti hafist á vormánuðum.

Hönnun gatnanna og fyrirhugaðar framkvæmdir verði kynntar íbúum á fundi.

### **3. Framtíðarsýn og möguleikar:**

Umræður urðu um málið. Bæjarráð mun fjalla ítarlega um málefnið á næstu fundum sínum með það að markmiði að skila bæjarstjórn skýrslu á vormánuðum. Samþykkt að fá Andrés Jónsson, almannatengil, til fundar við bæjarfulltrúa í næstu viku.

**4. Fundargerðir til kynningar:**

- 4.1. Háskólafélagi Suðurlands frá 30. desember 2013.
- 4.2. Almennavörnum Árnes-, Rangárvalla- og Mýrdalssýslu frá 6. desember 2013.
- 4.3. Brunavörnum Árnessýslu frá 18. desember 2013.
- 4.4. Skólaskrifstofu Suðurlands frá 19. desember 2013.
- 4.5. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 13. desember 2013.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:26

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, (sign.)

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)